

**Nr. 17-074 S 053 Steini Sigvalda GK 526*****Eldur í íbúðum***

Skipaskr.nr. 1424    IMO nr. 7406356  
Smíðaður: Akureyri 1975 stál  
Útgerð: Maron ehf.  
Stærð: 146 brl.    233 bt.  
Mesta lengd: 31,4 m    Skráð lengd: 28,2 m  
Breidd: 6,7 m    Dýpt: 5,6 m  
Vél: MWM 563 kW, 1974  
Fjöldi skipverja: 9



Steini Sigvalda©NN

**Gögn:**

Lögregluskýrsla  
Skýsla frá Mannvirkjastofnun  
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 29. janúar 2018 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 1. júní 2017 var netaveiðiskipið Steini Sigvalda GK 526 við bryggju í Þorlákshöfn. Veður: ANA 15 m/s.

Um kl. 02:00 um nóttina barst tilkynning frá skipstjóra á bátnum Hásteini ÁR 8, sem var að koma til hafnar, að reykur stæði upp úr framskipi Steina Sigvalda. Brunavarnir Árnassýslu voru boðaðar út og tókst þeim að slökkva eldinn en hann reyndist hafa verið undir millipilfari í mannaíbúðum í framskipi.

Steini Sigvalda GK hafði komið til löndunar kvöldið áður og síðasti skipverji yfirgefið skipið um kl. 21:00. Við mat á skemmdum var skipið talið ónýtt og var því siglt til Belgíu til niðurrifs.

**Við rannsókn kom fram:**

- að skipið hafði komið til hafnar um klukkan 20:00 og skipverjar landað úr því tæpum 10 tonnum af fiski;
- að vélstjórinn landtengdi bátinn fljótlega eftir að komið var að bryggju;
- að síðasti skipverjinn kvaðst hafa yfirgefið skipið án þessa að verða var við neitt óeðlilegt;
- að tvær káetur voru undir millipilfarinu og mikill eldur hafði logað í loftum þeirra og niður á miðja vegg í þeim báðum. Einnig hafði logað í stigauppgangi framan við káeturnar en hurðir á þeim báðum voru opnar;

- að í stigauppgangi var 220 V rafmangstafla fyrir ljós, tengla og rafmagnsofna;
- að bak við rafmagnstöfluna var búið að taka í sundur kapla á þremur stöðum og tengja tvo kapla við hvern enda með sex víra tengi;
- að rafmagnstaflan var send til rannsóknar hjá Mannvirkjastofnun.



Örvarnar sýna kapalsamsetingarnar bak við klæðinguna

Niðurstaða hennar var eftirfarandi: „Engin augljós merki finnast um eldsupptök. Einhverskonar einangrun virðist hafa verið stungið undir örygginn í skápnum, það getur mögulega hafa orsakað yfirhitnun. Ekki er hægt að fullyrða að þetta sé upptakastaður eldsins og líkur á að hann sé annarsstaðar“.

#### ***Nefndarálit:***

Ekki er hægt að fullyrða um eldsupptök en nefndin telur ástæðu til að benda á slæman og hættulegan frágang á rafmagnstengingum við rafmagnstöfluna.